



MIÐBAUGS- MINJAVERKEFNIÐ



Reykjavík, 9 Nóvember. 2018

Umhverfis- og skipulagsráð / Reykjavíkurborg

Hugmyndin er að skapa 11 gegnheilar viðar höggmyndir úr yfir 100 ára gömlum bryggjudrumbum frá Reykjavíkurborg af Íslenska karlalandsliðinu í fótbolta í fullri stærð og setja saman í eina heild. Reynt verður að líkja eftir öllum hetjunum okkar og hafa þá eins nákvæma eins og mögulegt er í stellingunni þegar að liðið tekur Víkingaklappið. Hér er sögu, menningu og íþróttum spinnad saman í eitt form.

Formaður Guðni Bergsson og stjórn Knattspyrnusambands Íslands hefur list yfir áhuga sínum á verkefninu og telur að listaverkið “Vikingaklappið” muni vekja mikla athygli fyrir sköpun þess og fanga vel heimsfrægt augnablik í íþróttasögu þjóðarinnar. Knattspyrnusamband Íslands getur vel mögulega komið að fjármögnun á slíku verki með öðrum áhugasömum aðilum. Listamaður þess er Jóhann Sigmarsson og teymi hans.

Verkið verður eitt af listaverkum af sögu -og listasýningu sem fyrirhugað er að setja upp í Höfuðstöðvum Mennta-, vísinda- og menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna UNESCO í París, þann 5 júní á 45 afmæli Alþjóðlegs Dags Umhverfis 2019 á vegum Miðbaugs- minjaverkefnisins, (e. The Equator Memorial Project). Það er mikill heiður að fá að sýna í Höfuðstöðvum UNESCO. Bæði er það mjög fallett og virðingavert fyrir Ísland og eflaust gefur þetta góð tækifæri fyrir það listafolk sem er viðriðið sýninguna. Án efa gefur það jákvæða ímynd og kynningu fyrir landið í hinum ýmsu alþjóðlegu fjölmiðlum. Það eru 193 lönd aðilar að Sameinuðu þjóðunum, SP, (e. United Nations, UN).

Forseti Íslands, Hr. Guðni Th. Jóhannesson skrifar meðmælabréf til framkvæmdastjóra Mennta-, vísinda- og menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna UNESCO, Fr. Audrey Azoulay vegna sýningarinnar.

Miðbaugs- minjaverkefnið hefur aflað sér efniviðar úr heimsmínum síðastliðin 5 ár sem þykir mjög sérstakt og nýjar hugmyndir koma fram varðandi umhverfið s.s. í endurvinnslu á rústum sögulegra heimsmína sem endurfæðast svo í nýrri sögu sem sköpuð er úr formi hönnunar og listar. Verkin verða sýnd á alþjóðlegum listasýningum og seld á uppboði. Hluti af hverju seldu verki mun renna í sjóð til að styrkja góð málefni og mannúðarmál á heimsvísu. Númeraðar eftirprentanir verða gerðar af ljósmyndum af völdum verkum og gefin verður út ljósmyndabók með safni listaverka í lok Miðbaugs-minjaverkefnisins sem boðnar verða í sama tilgangi. Áætlað er að setja upp röð af listasýningum um allan heim fyrir mikilvægi umhverfis, réttlætis, frelsis og friðar.

Hér með er þessa farið á leit við Umhverfis- og skipulagsráð um að koma til móts við Knattspyrnusamband Íslands og vera einn af styrktaraðilum vegna kaups á verkinu að upphæð ISK 2.000.000,- Verkið yrði gjöf til Knattspyrnusambands Íslands. Áætlað er að setja “Vikingaklappið” upp fyrir utan aðal leikvanginn í Laugardal að sýningu lokinni með áletruðum skjöld m.a. um viðkomandi styrkraraðila. Kann það að draga þar að fjölmarga ferðamenn og einnig íbúa borgarinnar. Einnig verður efnt til alþjóðlegs kynningarstarfs í tenglum við sýninguna þar sem að Umhverfis- og skipulagsráð verður getið sem einn af kaupendum af listaverki vegna gjafar til Knattspyrnusambands Íslands og uppsetningu sýningarinnar.

Hér er um verðugt og metnaðarfullt verkefni að ræða sem hefur hagnýtt, sögulegt og menningarlegt gildi. Miðbaugs- minjaverkefnið er með alþjóðlega vottun frá UNESCO sem fer með skráningu heimsmína og eftirlit með varðveislu þeirra. Nákvæm kynning á verkefninu fylgir í skjölum auk þess sem forráðamenn þess eru til þess búnir að láta Umhverfis- og skipulagsráði í té allar upplýsingar sem taldar eru nauðsynlegar sé þess óskað.

Virðingarfyllst
fh. verkefnisins

Ksenija Zapadenceva, verkefnastjóri

Jóhann Sigmarsson listamaður